


GILDANDI DEILISKIPULAG, SAMÞYKKT 28.04.2003, SÍÐAST BREYTT 28.02.2005.




BREYTT DEILISKIPULAG

# Kjarnalundur- deiliskipulag

## Breyting á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Byggingarreitur viðbyggingar til suðurs stækkar lítillega til suðurs og vesturs. Innan byggingarreits verður heimilt að byggja viðbyggingu á fjórum hæðum auk kjallara en áður var heimilt að byggja tveggja hæða viðbyggingu innan byggingarreits. Viðmiðunargólfkóti jarðhæðar viðbyggingar er sá sami og gólfkóti jarðhæðar núverandi byggingar eða 40,80. Þak viðbyggingarinnar skal vera mænisþak.
- Byggingarreitur til austurs er felldur burt en í hans stað er settur lítill byggingarreitur fyrir viðbyggingu við núverandi byggingu sem snýr til austurs. Innan byggingarreits verður heimilt að byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara. Viðmiðunargólfkóti jarðhæðar viðbyggingar er sá sami og gólfkóti jarðhæðar núverandi byggingar eða 40,80.
- Hámarksvegghæð á tveggja hæða viðbyggingu var 7,0 m frá gólfi jarðhæðar en hámarksvegghæð á fjögurra hæða viðbyggingu verður 12,0 m frá gólfi jarðhæðar. Hæsti punktur þaks tveggja hæða viðbyggingu var 8,5 m frá gólfi en hæsti punktur fjögurra hæða viðbyggingu verður 14,0 m frá gólfi jarðhæðar. Heimilt er að hafa opin björgunarstiga utanhúss utan byggingarreits. Heimilt er að þak lyftuhúss gangi allt að 0,5 m yfir hæsta punkt þaks.
- Byggingarreitur til norðurs fyrir tveggja hæða byggingu er felldur burt.
- Gerð er óveruleg breyting á fyrirkomulagi núverandi bílastæða norðan byggingar og bætt er við bílastæðum vestan byggingar vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 50 m2 gólfflatar byggingar.
- Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,30 í 0,35.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem var samþykkt 28.04.2003, m.s.br.

---

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ
1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010
VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGSNEFND Á GRUNDVELLI 4. GREINAR
SAMÞYKKTAR UM SKIPULAGSNEFND ÞANN ___________________

_______________________________________
BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í
B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ___________________




Mkv. 1:1000






HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2005-2018




Gk: 40.80 Gólfkóti 1. hæðar (+/- 25 cm)

AKUREYRARBÆR - KJARNALUNDUR
DEILSIKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A3: | 1:1000 | TEIKN NR: | 001 |
| DAGS: | 14.09.2016 | HANNAÐ: | ÓÍ / IÍ |
| FLOKKUR: | 6000 | TEIKNAÐ: | IÍ |
| SKRÁ: | 16137_gm.dwg | VERKNR: | 16138 |


LANDSLAG EHF
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 535 5300
KAUPANGI V/MÝRARVEG - 600 AKUREYRI - SÍMI: 460 4440
WWW.LANDSLAG.IS LANDSLAG@LANDSLAG.IS


X:\0-VERK\6000-AKUR\A\16137-KJARNALUNDUR-DSK-BR\TEIKN\DWG\16137_GM.DWG